

Stjórnarfundur LH 20. janúar 2006

10.fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Einar Ragnarsson, Guðný G. Ívarsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt samhljóða.

2. FEIF ráðstefna í Hollandi

Farið var yfir hverjir fara á ráðstefnu FEIF í Hollandi sem haldinn verður 10.-12. febrúar n.k. Það eru þeir sem starfa í nefndum FEIF og stjórnar- og nefndarmenn LH sem tengjast málefnum ráðstefnunnar. Nauðsynlegt að einhver fari og greiði atkvæði í sportnefnd, menntanefnd, æskulýðsnefnd og á formannafundinum. Bjarni Þorkelsson fer og heldur fyrirlestur um ræktunarmál.

Mikill kostnaður er af þessari ráðstefnu og því þarf að passa sig vel að missa ekki tök á kostnaði. Jón Albert klárar málið.

Sigurður Ævarsson útskýriði vandkvæði á því að koma Gæðingakeppninni af stað í Evrópu í samvinnu við FEIF. Nauðsynlegt að koma þessu máli í réttan farveg.

3. Erindi frá Frakklandi og Bretlandi

Það þarf að styðja við bakið á Frökkum og halda fund með þeim um þann stuðning sem við möguleika gætum veitt þeim.

Varðandi Bretland að þá þarf að hafa samvinnu við dómarafélögin um dómara og finna góðan þul. Ákveðið að styrkja þá með þremur flugmiðum fyrir dómara. Sigurður og Einar fylgi málinu eftir.

4. Menntamál

a) **Menntanefnd FEIF.** Haraldur og Jón Albert skýra tilgang Matrixu FEIF um menntamál. Þetta gengur að mestu út á að geta flokkað reiðkennara á sambærilegan hátt á milli aðildarlanda FEIF. Einhver misskilningur hefur verið um þetta mál en væntanlega mun sá misskilningur leiðréttast fljótlega.

b) **Fjölbrautarskóli Suðurlands.** Eftir fund með skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins eru málin farin að skýrast og líkur eru á því að námsbrautin komist af stað næsta haust. Aðal fyrirstaðan er fjöldi nemenda í hóp. Ráðuneytið á erfitt með að setta sig við 6 nemendur pr. hóp vegna kostnaðar. Haraldur heldur áfram að vinna að málinu.

5. Skógarhólar

Jón Albert segir frá málinu og fundi með Þingvallanefnd og formanni nefndarinnar Birni Bjarnasyni ráðherra. Þingvallanefnd vill framlengja samningi við LH með því skilyrði að LH skipuleggi svæðið til framtíðar og sjái til þess að sú starfsemi sem þar fer fram hafi virðingu staðarins að leiðarljósi.

Guðný og Rafn Jónsson eru fulltrúar LH í samstarfsnefnd við Þingvallanefnd um framvindu málsins og eru þau hvött til dáða og víkka út nefndina. Klára þarf málið fyrir lok ársins 2006.

6. Stefnumótun og Landsmót hestamanna ehf.

Jón Albert opnar málið með minnisblaði um helstu vandamál því tengdu aðhafa ekki framkvæmdastjóra. Miklar umræður urðu um málið. Boltinn sendur yfir til Jóns.

7. Mótafengur og Kappi

Bændasamtök Íslands vill taka upp gjaldtöku fyrir notkun á kerfinu til að halda því við. Rætta fram og til baka um málið og möguleika kerfisins. Kostnaður er u.þ.b. 40.000,- kr. á mánuði og verður LH að ganga í það hvernig þetta verður innheimt. LH kemur að málinu sem ábyrgðaraðili gagnvart BÍ með innheimtu gjaldsins. Jón Albert gengur frá málinu.

8. Önnur mál

- a) **Minnisblað vegna átaksverkefnisins.** Málið afgreitt fyrir árið 2005. Verkefni fyrir árið 2006 þarf að skilgreina og sækja um fyrir.
- b) **Bréf frá HSK** um Gaddstaðaflatar sem þjóðarleikvang. Bréfið sent viðeigandi nefnd til umsagnar.
- c) **Bréf frá fagnefnd um bættu heilsu þjóðarinnar.** Bréfið sent viðeigandi nefnd.
- d) **Styrkbeiðni frá Æskan og hesturinn.** Samþykkt að veita 200.000,- króna styrk gegn góðri litmynd af merki LH.
- e) **Bréf frá Gæðingadómarafélaginu.** Bréfið sent til umsagnar hjá viðeigandi nefnd.
- f) **Fagråd VÍS Agria.** Einar fór yfir fundinn og er honum falið að sitja áfram í fagráði VÍS fyrir LH.
- g) **Lögfræðiaðstoð vegna hesthúsa- og reiðvegamála.** Jón Albert reifaði málið og skýrði fyrir stjórn. LH lítur þannig á máliða að nauðsynlegt sé að standa við bakið á Gustsmönnum og samþykkt var að veita þeim fjárhagsaðstoð vegna lögfræðikostnaðar.
- h) **Reiðvegahandbókin.** Bókin fer í prentun eftir helgi.
- i) **Fagråd í hrossarækt.** Jón Albert hefur sent Hákonni Sigurgrímssyni bréf varðandi málið, Jón fylgi því eftir.
- j) **Kynbótanefnd.** Ekki hefur verið skipaður fulltrúi fyrir Jóhann í nefndina. Haraldur og Einar segja frá fundi með stjórn Félags hrossabænda. Í framhaldi af því hefur verið ákveðið að taka þátt í samstarfi með FHB og FT um sameiginleg hagsmunamál.
- k) **Íslandsmót á Dalvík 2007.** Hringur á Dalvík hefur sent ósk um mótadaga fyrir Íslandsmót 2007. Jóni falið að ganga frá málinu.
- l) **Fundarplan til vors.** Jón Albert lagði fram fundarplan stjórnarfundna til vorsins og var það samþykkt.

Fleira var ekki fært til bókar.

Fundarritari: Einar Ragnarsson